

Samþykkt um kattahald í Blönduóssbæ

1. gr.

Kattahald í Blönduóssbæ sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Allir heimiliskettir í Blönduóssbæ skulu skráðir á skrifstofu Blönduóssbæjar gegn greiðslu skráningargjalds og þar fá eigendur heimiliskatta afhenta númeraða plötu með skráningarnúmeri kattarins, sem alltaf skal vera í ól um háls dýrsins. Að öðru leyti skal kötturinn merktur í samræmi við ákvæði reglugerðar um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004. Leyfi til kattahalds skal veitt lögráða einstaklingum sem búa í sveitarfélaginu. Leyfið er bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni og er ekki framseljanlegt.

Árlega skal kattareigandi framvísa vottorði dýralæknis, um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spólormum. Þá skal, ef óskað er eftir, framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af öðrum sníkjudýrum sem máli skipta.

3. gr.

Eigendur katta skulu gæta þess að kettir þeirra valdi ekki tjóni, hættu, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

4. gr.

Óheimilt er að láta kött, eldri en 3ja mánaða, dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.

5. gr.

Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.

6. gr.

Gjald samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem Blönduóssbær setur, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Kattareiganda ber að greiða allan útlagðan kostnað og handsömunargjald, skv. gjaldskrá. Blönduóssbær skal birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss er heimilt að láta lóga ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu og kettirnir geymdir í a.m.k. 7 sólarhringa áður en þeim er lógað. Sé kvartað undan ágangi katta er bæjarstjórn heimilt að svipta eiganda leyfinu.

8. gr.

Umsókn um leyfi til kattahalds skal skila inn á bæjarskrifstofu á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyriræmum samþykktar um kattahald. Bæjarstjóri eða fulltrúi hans synjar eða gefur út umbeðið leyfi. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar sinna eftirliti með kattahaldi í umboði heilbrigðisnefndar og njóta til þess fulltingis lögreglu.

9. gr.

Leyfishafa ber að greiða allan kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

10. gr.

Bæjarstjórn getur afturkallað leyfi til kattahalds telji hún þess brýna þörf, enda hafi leyfishafi haft tækifæri til að koma að athugasemdum sínum.

11. gr.

Með brot út af samþykkt þessari fer í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

12. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Blönduóss staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 777/2000 um kattahald í Blönduóssbæ.

Umhverfisráðuneytinu, 2. desember 2005

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson (sign.)
Sigurbjörg Sæmundsdóttir (sign.)